

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 136/963
komudagur 27.2.2009

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
b.t. Eiríkur Áki Eggertsson nefndarritari
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK
nefndasvid@althingi.is

27. febrúar 2009

Tilvísun: 2009020051

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, 321. mál, tímabundin útgreiðsla séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 20. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, 321. mál, sem er stjórnarfrumvarp.

Fjármálaeftirlitið vill taka fram að það telur að sú hugmynd að greiða út séreignarsparnað landsmanna á svo skömmum tíma sem frumvarpið gerir ráð fyrir, geti falið í sér ákveðna hættu fyrir þennan hluta af lífeyriskerfi landsmanna. Að því gefnu að það sé vilji ríkisstjórnarinnar að gefa rétt höfum kost á að nýta þá fjármuni sem bundnir eru í séreignarsparnaði með vísan til hinna efnahagslegu áfalla sem orðið hafa hér á landi, telur Fjármálaeftirlitið að það sé æskilegt að sú fjárhæð sem heimilt er að greiða út sé takmörkuð við eina milljón króna á hvern einstakling eins og gert er ráð fyrir í a-lið 3. gr. frumvarpsins og að vörsluaðilum séreignarsparnaðar sé heimilt að fresta útgreiðslum séreignarsparnaðar skv. b-lið 3. gr.

Fjármálaeftirlitið telur að við þessar aðstæður sé afar mikilvægt að gætt sé jafnræðis milli þeirra rétthafa séreignarsparnaðar sem kjósa að nýta þann rétt sem frumvarpið býður upp á og hinna sem kjósa frekar að vista séreignarsparnað sinn áfram hjá sama vörsluaðila. Því er ákvæðið um frestun á útgreiðslu séreignarsparnaðar „mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda séreignarsparnaðar krefjist“ afar mikilvægt til að tryggja þetta jafnræði. Fjármálaeftirlitið telur að til þess kunni að koma að beita þurfi þessu ákvæði við þær aðstæður að beiðnir um útgreiðslur úr sjóðum verði meiri en sjóðurinn fái ráðið við, einkum með tilliti til þess að sjóðurinn þurfi þá að innleysa auðseljanlegri eignir til að mæta kröfum um útgreiðslur, sem yrði á kostnað þeirra sem ættu eignir sínar áfram í sjóðnum.

Ætla má að eigi ákvæði þetta að koma að fullum notum til að tryggja jafnræði rétthafa séreignarsparnaðar, verði í sumum tilvikum að beita ákvæðinu með þeim hætti að fresta verði öllum útgreiðslum séreignarsparnaðar úr sjóðum, hvort sem þær útgreiðslur eru vegna heimildar skv. a-lið 3. gr. frumvarpsins eða af öðrum sökum, t.d. vegna óska rétthafa um flutning séreignar sinnar milli sparnaðarleidda eða milli vörsluaðila. Því leggur Fjármálaeftirlitið til að felld verði út orðin „samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII.“ úr 1. mgr. a-liðar 3. gr. frumvarpsins, þannig að merking þeirrar setningar verði á þann veg að: Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 er vörsluaðila séreignarsparnaðar heimilt að fresta útgreiðslum

séreignarsparnaðar ..., að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessu ákvæði.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

Haldóra E. Ólafsd.
Haldóra E. Ólafsdóttir

Ólafur E. Friðriksson
Ólafur E. Friðriksson